




Heimsfaraldur af völdum COVID-19

Í upphafi árs 2020 bárust sóttvarnalækni tilkynningar frá Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni (WHO) og Sóttvarnastofnun Evrópusambandsins (ECDC) um hópsýkingu af völdum lungnabólgu í Wuhanborg í Suður-Kína, en nokkrir tugir einstaklinga höfðu sýkst og einn látist. Staðfest var að lungnabólgan stafaði af nýrri kórónaveiru sem er frábrugðin þeim kórónaveirum sem orsökðu SARS (*Severe acute respiratory syndrome*) í Suður-Kína (og fleiri löndum) á árunum 2002–2003 og MERS (*Middle East respiratory syndrome*) sem greinst hefur í Mið-Austurlöndum frá 2012.

Þegar leið á janúarmánuð varð ljóst að faraldurinn breiddist hratt út og að kórónaveiran væri bráðsmitandi. Í lok janúar lýsti WHO því yfir að faraldurinn væri heilsufarsleg ógn sem snerti alla heimsbyggðina.

Vöktun

Um miðjan janúar vakti sóttvarnalæknir athygli lækna á því að fylgjast með einkennum þeirra sem kæmu frá Kína, einkum Wuhanborg. Almennangi voru gefnar leiðbeiningar um það hvernig best væri að verjast smiti á ferðalögum erlendis, einkum í Kína. Eftir því sem á tímann leið og faraldur-



Mynd: Útbreiðsla COVID-19 á heimsvísu í apríl 2020. [John Hopkins University](https://www.jhu.edu/)

inn breiddist út bættust við fleiri svæði og ríki sem flokkuðust undir áhættu-svæði.

Viðbrögð

Ýmis lönd tóku upp skimanir á flugvöllum hjá farþegum sem komu frá Kína en ekki var talin ástæða til slíks hér á landi enda hafa slíkar aðgerðir litlu skilað. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin mælti auk þess ekki með neinum ferðatakmarkunum frá og til Kína né neinum viðskiptahindrunum.

Fyrstu opinberu viðbrögðin hér á landi voru kynnt 23. janúar 2020, þau voru:

- Undirbúningur hafinn að því að virkja viðbragðsáætlanir sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra vegna heimsfaraldurs. Eldri áætlanir voru uppfærðar og viðbragðsaðilar upplýstir.
- Leiðbeiningar til heilbrigðisstarfsmanna voru uppfærðar og gefnar út.
- Gefnar voru út leiðbeiningar til almennings um hvernig ætti að nálgast heilbrigðiskerfið ef grunur vaknaði um

Framh. bls. 2

Efni:	bls.
Heimsfaraldur af völdum COVID-19.....	1
Árleg influensa.....	4
Kynsjúkdómar.....	5
Bótúlismi greinist á Íslandi.....	5

Ritstjórn
Þórólfur Guðnason, sóttvarnalæknir, ábm.
Agnes Gísladóttir
Ása St. Atladóttir
Guðrún Aspelund
Guðrún Sigmundsdóttir
Hrafnhildur B. Stefánsdóttir
Íris Marelsdóttir
Júlíana Héðinsdóttir
Kamilla S. Jósefsdóttir
Maríanna Þórðardóttir

Ritstjóri
Haraldur Briem, sérstakur ráðgjafi

**Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir**
Katrínartúni 2
105 Reykjavík
Sími 5101900
Bréfasími 5101920
mottaka@landlaeknir.is
www.landlaeknir.is



sýkingu af völdum hinnar nýju veiru.

- Leiðbeiningar voru gefnar út til ferðamanna sem lögðu leið sína til Íslands um viðbrögð heilbrigðisyfirvalda á Íslandi og hvernig ferðamenn gætu nálgast heilbrigðiskerfið hér á landi.
- Leiðbeiningar voru gefnar út fyrir alþjóðaflugvelli og hafnir og gerð var sérstök COVID-19 heilbrigðisyfirlýsing fyrir skip.
- Heilbrigðisstofnanir voru hvattar til að uppfæra sínar viðbragðsáætlanir og kanna birgðastöður.
- Ekki þótti ástæða til að hvetja til ferðabanns til Kína en ferðamenn voru hvattir til að huga vel að sýkingavörnum.
- Leiðbeiningar voru gefnar til framhúsnarstarfsmanna í atvinnulífinu í samvinnu við Samtök atvinnulífsins.

Óvissustig

Vegna hraðrar útbreiðslu COVID-19 á heimsvísu ákvað almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, í samvinnu við sóttvarnalækni, þann 27. janúar 2020, að lýsa yfir óvissustigi en það merkir að fastmótað samráð verði viðhaft samkvæmt fyrirliggjandi viðbragðsáætlanum, upplýsingamiðlun aukin og viðbragðsaðilar skuli uppfæra sínar áætlanir.

Markmið viðbragða skyldi vera að hindra sem mest útbreiðslu veirunnar innanlands svo tryggja mætti heilbrigðisþjónustu fyrir veika einstaklinga og viðhalda nauðsynlegri starfsemi innanlands. Almennigur og ferðamenn hér á landi sem töldu sig hafa sýkst af veirunni voru hvattir til að hringja í síma 1700 varðandi nánari upplýsingar og hvernig þeir ættu að nálgast heilbrigðiskerfið. Einstaklingar með grunsamlega eða staðfesta sýkingu skyldu settir í einangrun samkvæmt nánari leiðbeiningum. Þeir sem gætu hafa smitast en sýndu engin einkenni skyldu sæta sóttkví í tvær vikur. Lögð var

áhersla á rakningu smitleiða þar sem það væri gerlegt.

Hættustig

Þann 27. febrúar 2020 var tilkynnt um fyrsta greinda einstaklinginn með COVID-19 hér á landi. Í kjölfarið lýsti ríkislögreglustjóri, í samráði við sóttvarnalækni, því yfir að hættustig almanna- varna skyldi virkjað. Sá sem greindist var Íslendingur sem dvalið hafði á skíðasvæði á Norður-Ítalíu, utan skilgreinds áhættusvæðis. Síðar átti eftir að koma í ljós að margir höfðu smitast á skíðasvæðum í Ölpunum. Voru Íslendingar fyrstir til að benda á þessi áhættusvæði.

Frá því að fyrsti sjúklingurinn greindist með COVID-19 fjölgaði tilfellum með sjúkdóminn ört. Sóttvarnalæknir, almannavarnadeild ríkislögreglustjóra og landlæknir héldu daglega blaðamannafundi þar sem stöðu mála var lýst og áreiðanlegum upplýsingum var komið til skila.

Neyðarstig

Þann 6. mars 2020 eða eftir að fyrstu einstaklingarnir sem höfðu greinst með COVID-19 hér á landi, sem rekja mátti til smits innanlands, var lýst yfir neyðarstigi almanna- varna. Stjórnvöld og viðbragðsaðilar höfðu þegar unnið að miklu leyti eins og um neyðarstig væri að ræða og

höfðu því gert ýmsar ráðstafanir sem neyðarstig kveður á um. Þar má nefna áætlanir um vöktun og farsóttagreiningu ásamt því að tryggja að sóttvarnaráðstöfunum væri beitt.


Vegna stigvaxandi fjölgunar sjúkdóms- tilfella hér á landi tilkynnti heilbrigðisráðherra þann 13. mars að sett hefði verið á samkomubann sem gilda skyldi í fjórar vikur og ná til viðburða þar sem fleiri en 100 manns kæmu saman. Þá var Íslendingum ráðið frá ferðalögum og Íslendingum á ferðalagi erlendis ráðlagt að íhuga hvort ástæða væri til að flýta heimför vegna vaxandi útbreiðslu farsóttarinnar á heimsvísu. Ekki var talið víst hvaða aðgang og réttindi Íslendingar myndu hafa að heilbrigðisþjónustu erlendis auk þess sem heilbrigðiskerfi í mörgum ríkjum önnuðu ekki álagi, hvort sem um væri að ræða ferðamenn eða þá sem dvelja langdvölum erlendis.

Að ráðum sóttvarnalæknis herti heilbrigðisráðherra á samkomubanni þann 24. mars og skyldi það nú taka til viðburða þar sem fleiri en 20 manns kæmu saman.

Greiningar á veirufræðideild Landspítala

Veirugreiningar í nef- og hálskokssýnum hófust 31. janúar 2020 á veirufræðideild Landspítala. Fyrsta tilfelli greindist þann 27. febrúar og eftir það fjölgaði jákvæð-

framh. bls. 3



Mynd: Frá upplýsingafundi almanna- deildar ríkislögr. stjóra, sóttvarnalæknis og landlæknis.

Frá vinstri: Víðir Reynisson, Þórólfrur Guðnason, Alma D. Möller, Páll Matthíasson og Árný Guðmundsdóttir



13. árgangur, 2. tölublað, Apríl 2020

um COVID-19 greiningum jafnt og þétt, sjá mynd 1.

Hlutur Íslenskrar erfðagreiningar (ÍE)


Íslensk erfðagreining hóf, í samvinnu við sóttvarnalækni, að greina veirusmit með nef- og hálskokssýnum hjá almenningi sem vildi forvitnast um hvort smit væri til staðar þótt engin einkenni væru um sjúkdóminn. Hófst sýnatökurnar 13. mars 2020. Tæplega 1% þeirra sem komu til prófunar reyndust smitaðir. Hafa þarf í huga að þótt próf mælist neikvætt (veira ekki til staðar) segir það ekki til um hvort viðkomandi hafi verið smitaður og náo bata eða sé nýsmitaður. Ekki er heldur ljóst hversu vel úrtakið endurspeglar þjóðfélagið. Þessi rannsókn hefur samt gefið áhugaverðar upplýsingar um ættfræði veirunnar. Mótefnamælingar gegn veirunni gætu hins vegar gefið mikilsverðar faraldsfræðilegar upplýsingar um útbreiðslu smitsins í samfélaginu, sjá mynd 2.

Heilsugæslan og Læknavaktin


Heilsugæslan er fyrsti viðkomustaðurinn fyrir almenning sem þarf á ráðum og aðstoð að halda vegna heilsutengdra vandamála. Vefurinn „[Heilsuvera](#)“ gerir fólki kleift að hafa samband með rafrænum hætti. Mikið álag skapaðist þegar COVID-19 hóf innreið sína í samfélagið. Síma-vakt Læknavaktarinnar (1700) var efl. Samkvæmt upplýsingum frá Læknavaktinni jókst fjöldi viðtala umtalsvert. Fjöldi símtala í febrúar var 10.000 en 28.000 í mars 2020. Einnig fjölgaði vitjunum hjá Læknavaktinni umtalsvert í marsmánuði og voru þær 254 í viku 12 (16.–22. mars).

Landspítali


Fyrsta innlögnin tengdist fyrsta tilfellinu sem greindist með COVID-19. Um miðjan mars fór sjúklingum fjölgandi sem voru lagðir inn vegna sjúkdómsins eða sem greindust eftir innlögn. Samtals hafði 81 sjúklingur verið vistaður á spítalanum til loka marsmánaðar og þar af voru 15 lagðir inn á gjörgæslu til meðferðar, m.a. með öndunarvélum, sjá mynd 3.



Mynd 1



Mynd 2



Mynd 3



Í marsmánuði sættu 567 starfsmenn spítalans sóttkví.

Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK)

Í lok marsmánaðar höfðu fjórir sjúklingar verið innlagðir á SAK vegna COVID-19 og einn þeirra var lagður á gjörgæslu í öndunarvél. Alls voru 44 starfsmenn í einangrun eða sóttkví á tímabilinu.

Fyrsta dauðsfallið af völdum COVID-19 átti sér stað á Heilbrigðisstofnun Norðurlands á Húsavík. Um var að ræða erlendan ferðamann sem lést eftir skamma sjúkrahúslegu þann 16. mars 2020.

Hjúkrunarheimilin

Í byrjun febrúar settu stóru hjúkrunarheimilin heimsóknarbann og hófu viðtækar aðgerðir til að varna því að smit bærst inn á hjúkrunarheimilin. Önnur hjúkrunarheimili fylgdu strax á eftir en samtals eru hjúkrunarheimilin 44. Árvekni var aukin meðal starfsmanna, þríf voru aukin og allt skipulag tekið til endurskoðunar. Vikulega hittast stjórnendur hjúkrunarheimila á samráðsfundum og skrá saman leiðbeiningar sem nýtast öllum heimilum. Smit hefur aðeins náð að berast inn á eitt heimili og verður það að teljast mjög góður árangur.

Sóttkví

Í marslok voru um 7.000 manns í sóttkví, sem er um 2% þjóðarinnar. Af þeim sem greindust með COVID-19 í febrúar til marsloka reyndust 53% hafa verið í sóttkví, sem bendir til þess að sú ráðstöfun hafi skilað umtalverðum árangri.

Sjúkraflutningar



Rekstraraðilar sjúkraflutninga eru samtals 16 og er unnið samkvæmt leiðbeiningum sjúkraflutninga í COVID-19 faraldri. Mikið álag hefur verið á sjúkraflutningamönnum og hefur bílum verið breytt í sérstaka COVID bíla til að minnka líkur á krosssmíti. Flutningar hafa víðast hvar gengið vel.

Árleg Inflúensa

Inflúensan veturinn 2019–2020 hefur verið tiltölulega væg. Tilkynningar um inflúensulík einkenni náðu hámarki í vikum 7–10 á þessu ári (10. feb.–8. mars) og var fjöldi tilfella lægri en meðaltal síðust fimm ára, sjá mynd 4.

Staðfest inflúensutilfelli á veirufræðideild Landspítala náðu hámarki í 10. viku ársins (2.–8. mars). Inflúensan hefur einkennst af þremur stofnum

hennar, þ.e. A(H1N1) pdm09, A(H2N3) og B(Victoria) en fjöldi tilfella af þeirra völdum skiptist í jöfnum hlutföllum. Samanburður á staðfestum tilfellum af inflúensu og COVID-19 má sjá á mynd 5.





Kynsjúkdómar

Pótt COVID-19 faraldurinn fari mikinn um þessar mundir láta kynsjúkdómarnir sitt ekki eftir liggja. Fyrstu þrjú mánuði ársins 2020 hefur orðið umtalsverð aukning af skráðum sárásóttartilfellum hér á landi, sjá mynd 6. Einnig hefur orðið aukning á lekanda á þessum tíma, eins og sjá má á mynd 7 en fjöldi tilfella af klamydíu er svipaður og undanfarin ár, sjá mynd 8.

Um það bil 92% þeirra sem greindust með sárásótt voru karlar, hlutfall karla meðal þeirra sem greindust með lekanda var 73% en kynjahlutföllin voru jöfn meðal þeirra sem greindust með klamydíu.

Um helmingur þeirra sem sýktust af sárásótt, 82% þeirra sem voru með lekanda og 92% þeirra sem voru með klamydíu voru með íslenskt ríkisfang.




Í janúar 2020 greindust fimm einstaklingar með HIV-smit, fjórir karlar og ein kona, þar af voru tveir Íslendingar.

Engin tilfelli voru skráð í febrúar og mars á þessu ári sem kann að skýrast af því að flestir sem greinst hafa undanfarin ár eru af erlendu bergi brotnir og að mjög hefur dregið úr komu útlendinga til landsins, einkum í marsmánuði.

Bótúlismi greinist á Íslandi

Þann 18. janúar síðastliðinn var bótúlismi staðfestur hjá fullorðnum einstaklingi hér á landi. Fyrstu einkenni byrjuðu þann 12. janúar og var eitrunin staðfest tæpri

framh. bls. 6



viku síðar. Eitrunarinnar varð ekki vart hjá öðrum einstaklingum. Uppruna eitrunarinnar var ákaft leitað í samvinnu við heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga, Matvælastofnun og sóttvarnalækni auk sýkla- og veirufræðideildar Landspítala og rannsóknarstofu Matís en án árangurs. Ekkert fannst sem benti til að uppruna væri að finna í matvælum sem voru í dreifingu. Sjúklingurinn náði bata.

Bótulismi er eitrun af völdum *Clostridium botulinum*, sem er grómyndandi, loftfælin baktería. Bakterían getur myndað mjög öflugt eitur (botulinum

toxin) og ef hún nær að vaxa í matvælum veldur hún alvarlegum veikindum með lömumum sem leitt geta til dauða. Tími frá neyslu mengaðra matvæla til veikinda er stuttur, frá nokkrum klukkustundum til þriggja sólarhringa, og helstu einkenni eru hratt vaxandi lamanir.

Bótulismi er mjög sjaldgæf eitrun sem hefur aðeins greinst hér á landi þrisvar sinnum, fyrst árið 1949 þegar fjórir menn veiktust eftir neyslu súrsaðs dillkakjöts og einn þeirra lést. Aftur greindist hún 1981, þegar fjögurra manna fjölskylda veiktist, og síðast árið

1983, þegar móðir og barn veiktust eftir að hafa borðað súrt slátur sem bakterían fannst í. Öll lifðu af.

Algengustu orsakir bótulisma eru heimalöguð matvæli eins og kjöt, fiskur, grænmeti og ávextir, sem eru oftast niðursoðin, grafin, súrsuð eða gerjuð og gjarnan í lofttæmdum umbúðum. Því er mikilvægt að vanda vel til verka við slíka vinnslu, bæði í heimahúsum og í matvælafyrirtækjum.

Handþvottur og spritt



Góð handhreinsun er mikilvægasta ráðið fyrir heilbrigða til að forðast smit. Handþvottur með vatni og sápu er æskilegastur ef hendur eru óhreinar.



Handspritt er gott að nota eftir handþvott. Einnig á hendur sem virðast hreinar en hafa komið við algenga snertifleti s.s. hurðahúna, peningaseðla, smámynt eða greiðslukort.



Grímur nýtast best fyrir þá sem eru veikir. Einnig þegar náíð samneyti er óhjákvæmilegt, s.s. fyrir heilbrigðisstarfsmenn eða viðbragðsaðila þegar þeir hlúa að veikum.